

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulag, byggingarreitur fyrir smáhýsi í landi Eyvíkur.*

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir um 1 ha byggingarreit í landi Eyvíkur þar sem heimilt verður að byggja allt að 5 smáhýsi til útleigu. Húsin mega vera 20-60 m<sup>2</sup> að stærð.

Samþykkt í sveitarstjórn 19. apríl 2017.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 13. júlí 2017.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 27. júlí 2017